

FORSETABRÉF

70

17. júlí

um að Alþingi skuli koma saman til aukafundar mánudaginn 22. júlí 1946.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til aukafundar mánudaginn 22. júlí 1946.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni, og hefst hún kl. 10 árdegis.

Ritað í Reykjavík, 17. júlí 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

FORSETABRÉF

71

23. júlí

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 65. löggjafarþings, frá 25. júlí 1946, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 28. september 1946.

Ritað í Reykjavík, 23. júlí 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

72

13. ágúst

um viðskiptasamkomulag, sem gert var í París, hinn 15. júní 1946,
milli Íslands og Frakklands.

Með erindum, dags. 15. júní 1946, hafa sendiherra Íslands í París og utanríkisráðherra Frakklands gert svo hljóðandi samkomulag um viðskipti milli landanna. Fara erindin hér á eftir í íslenskum og frönskum textum.

72 Herra sendiherra,

13. ágúst Við samningaumleitanir þær, sem fram hafa farið í París, hafa samninganefndir Frakka og Íslendinga komið sér saman um eftirfarandi, fyrir tímabilið frá deginum í dag til 30. júní 1947:

1) Ríkisstjórn Íslands mun leyfa útflutning til frankasvæðisins á vörum þeim, sem nefndar eru í meðfylgjandi vörulista, að magni eða verði, svo sem þar segir; ríkisstjórn Frakklands mun veita innflutningsleyfi fyrir þessum vörum.

Greiðslu fyrir vörur þessar og kostnað í sambandi við þær skal leggja inn á reikning í frönkum, sem opnaður verður í Frakklandsbanka á nafn Landsbanka Íslands.

2) Fé það, sem greitt er inn á þennan reikning, má nota til greiðslna á vörum, sem fluttar eru frá franka-svæðinu til Íslands og á aukakostnaði í því sambandi.

Ríkisstjórn Frakklands mun taka til velviljaðrar athugunar umsóknir um útflutningsleyfi, sem henni kunna að berast í þessu tilefni.

3) Þegar greiðslur fara fram, mun Frakklandsbanki og Landsbanki Íslands fara eftir gengi á franka og íslenskri krónu, sem sé í samræmi við opinbert meðalgengi sterlingspunds í París og Reykjavík.

Ef gengi frankans miðað við sterlingspundið skyldi breytast, skal inneigninni á reikningi þeim, sem opnaður er fyrir Landsbanka Íslands, breytt í samræmi við gengisbreytinguna.

Ég væri yður þakklátur, ef þér vilduð gera svo vel að staðfesta samþykki ríkisstjórnar Íslands á því, er að framan segir.

Ég leyfi mér, herra sendiherra, að votta yður sérstaka virðingu mína.

(sign) Georges Bidault.

Monsieur le Ministre,

Au cours des négociations qui viennent d'avoir lieu à Paris, des délégations françaises et islandaises sont convenues de ce qui suit, pour la période de ce jours au 30 juin 1947:

1) Le Gouvernement islandais autorisera l'exportation vers la zone franc des marchandises reprises à la liste ci-annexée, pour les quantités ou valeur y figurant; des licences d'importation correspondantes seront délivrées par le Gouvernement français.

Le règlement de ces marchandises et des frais accessoires sera effectué par versement à un compte en francs ouvert à la Banque de France au nom de la Banque Nationale d'Islande.

2) Les fonds versés à ce compte pourront être utilisés pour le règlement de marchandises exportées de la zone franc à destination de l'Islande et des frais accessoires y afférents.

Le Gouvernement français examinera avec bienveillance les demandes de licences d'exportation qui lui seraient soumises à cet effet.

3) Pour l'exécution des règlements, la Banque de France et la Banque Nationale d'Islande appliqueront le cours de change entre le franc et la couronne islandaise qui ressortira des cours moyens officiels de la livre sterling à Paris et à Reykjavik.

Si le cours du franc par rapport à la livre sterling venait à être modifié, le solde 'créditeur en francs du compte ouvert à la Banque Nationale d'Islande serait ajusté dans la proportion de la modification intervenue.

Je vous serais obligé de bien vouloir me confirmer l'accord du Gouvernement islandais sur ce qui précède.

Veuillez agréer, Monsieur le Ministre, les assurances de ma haute considération.

(sign) Georges Bidault.

Herra utanríkisráðherra,

Ég hef þann heiður að viðurkenna mót-töku á bréfi yðar, dags. í dag, svo hljóð-andi:

„Við samningaumleitanir þær, sem fram hafa farið í París, hafa samninga-nefndir Frakka og Íslendinga komið sér saman um eftirfarandi, fyrir tímabilið frá deginum í dag til 30. júní 1947:

1) Ríkisstjórn Íslands mun leyfa út-flutning til frankasvæðisins á vörum þeim, sem nefndar eru í meðfylgjandi vörulista, að magni eða verði, svo sem þar segir; ríkisstjórn Frakklands mun veita innflutningsleyfi fyrir þessum vör-um.

Greiðslu fyrir vörur þessar og kostnað í sambandi við þær skal leggja inn á reikning í frönkum, sem opnaður verður í Frakklandsbanka á nafn Landsbanka Íslands.

2) Fé það, sem greitt er inn á þennan reikning, má nota til greiðslna á vörum, sem fluttar eru frá frankasvæðinu til Ís-lands og á auka-kostnaði í því sambandi.

Ríkisstjórn Frakklands mun taka til velviljaðrar athugunar umsóknir um út-flutningsleyfi, sem henni kunna að ber-ast í þessu tilefni.

3) Þegar greiðslur fara fram, mun Frakklandsbanki og Landsbanki Íslands fara eftir gengi á franka og íslenskri krónu, sem sé í samræmi við opinbert meðalgengi sterlingspunds í París og Reykjavík.

Ef gengi frankans miðað við sterlings-pundið skyldi breytast, skal inneigninni á reikning þeim, sem opnaður er fyrir Landsbanka Íslands, breytt í samræmi við gengisbreytinguna.“

Ég hef þann heiður að staðfesta, að ríkisstjórn mín er samþykk því, sem að framan segir.

Monsieur le Ministre,

J'ai l'honneur de vous accuser la re-ception de votre lettre, en date d'au-jourddui, par laquelle vous m'avez écrit ce qui suit:

„Au cours des négociations qui vien-nent d'avoir lieu à Paris, les délégations francaises et islandaises sont convenues de ce qui suit, pour la periode de ce jour au 30 juin 1947:

1) Le Gouvernement islandais autori-sera l'exportation vers la zone franc des marchandises reprises à la liste ci-an-nexée, pour les quantités ou valeur y figurant; des licences d'importation cor-respondantes seront délivrées par le Gouvernement francais.

Le règlement de ces marchandises et des frais accessoires sera effectué par versement à un compte en francs ouvert à la Banque de France au nom de la Banque Nationale d'Islande.

2) Les fonds versés à ce compte pour-ront être utilisés pour le règlement de marchandises exportées de la zone franc à destination de l'Islande et des frais accessoires y afférents.

Le Gouvernement francais examinera avec bienveillance les demandes de lic-ences d'exportation qui lui seraient sou-mises à cet effet.

3) Pour l'exécution des règlements, la Banque de France et la Banque Nationale d'Islande appliqueront le cours de change entre le franc et la couronne islandaise qui ressortira des cours moyens officiels de la livre sterling à Paris et à Reykjavík.

Si le cours du franc par rapport à la livre sterling venait à être modifié, le solde créateur en francs du compte ou-vert à la Banque Nationale d'Islande serait ajusté dans le proportion de la modification intervenue.“

J'ai l'honneur de vous confirmer l'ac-cord de mon Gouvernement sur ce qui précède.

72

13. ágúst

72 Ég leyfi mér, herra utanríkisráðherra,
13. ágúst að votta yður sérstaka virðingu mína.

(sign) Pétur Benediktsson.

Listi yfir íslenzkar útflutningsvörur
til Frakklands.

	Stykki	Verð í 1000 fr.
Saltaðar gærur ..	100 000 stykki	
Fiskur		60 000
Porskalýsi	300 smál.	
Silfurberg	10 kg	

Veillez agréer, Monsieur le Ministre,
les assurances de ma très haute con-
sédération.

(sign) Pétur Benediktsson.

Liste des exportations Islandaises
vers la France.

	Quantités mill. francs	Valeur en
Peaux de mountons salées		
	100 000 pièces	
Poissons		60 000
Huile de foie de morue ..	300 T.	
Spath d'Islande	10 kgs.	

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. ágúst 1946.

Ólafur Thors.

73

20. sept.

AUGLÝSING

um verzlunarsamning milli Íslands og Svíþjóðar.

Í þeim tilgangi að auka viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar hefur eftirfarandi samningur verið gerður:

1. gr.

Sænska ríkisstjórnin leyfir útflutning til Íslands, og íslenska ríkisstjórnin leyfir innflutning á þeim vörum frá Svíþjóð, sem nefndar eru í meðfylgjandi skrá I.

2. gr.

Íslenska ríkisstjórnin leyfir útflutning til Svíþjóðar, og sænska stjórnin leyfir innflutning á þeim vörum frá Íslandi, sem nefndar eru í meðfylgjandi skrá II.

3. gr.

Skuldbindingar íslenzku og sænsku ríkisstjórnanna í 1. og 2. gr. hafa ekki í för með sér skyldu til að veita útflutnings- og innflutningsleyfi til fyrirtækja og einstaklinga, nema í samræmi við gildandi ákvæði hér að lútandi á Íslandi og í Svíþjóð. Viðkomandi íslensk og sænsk stjórnarvöld áskilja sér rétt til að taka einnig tillit til verðs varanna, þegar ákvörðun er tekin um innflutningsleyfisumsókn.

4. gr.

Báðar ríkisstjórnirnar munu, að svo miklu leyti sem hin innlenda vöruþörf beggja landanna leyfir, greiða fyrir, eins og unnt er, innflutningsleyfi og útflutningsleyfi, einnig á öðrum vörum en því vörumagni og þeim vörutegundum, sem nefnt er í skrá I. og II.

5. gr.

Báðar ríkisstjórnirnar lýsa því yfir, að þær séu reiðubúnar gagnkvæmt að veita gjaldeyrisleyfi til greiðslu á þeim vörum, sem um er getið í þessum samningi.

6. gr.

Þessi samningur gengur í gildi eftir að sérstök bréfaskipti hafa farið fram milli íslenzku og sænsku ríkisstjórnanna, og gildir til og með 31. marz 1947. Þangað til